



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fornleifadeild

Fornleifakönnun í friðlandinu við Gullfoss



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Október 2013

NV nr. 26-13

EFNISYFIRLIT


EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	4
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI	5
SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	5
3. BRATTHOLT	6
3.1. SAGA BRATTHOLT/GULLFOSS.....	6
3.2 FORNLEIFAR Í FRÍÐLANDINU	8
4. SAMANTEKT	18
5. HEIMILDARSKRÁ	18

1. INNGANGUR

Að beiðni Umhverfisstofnunar gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á minjum í friðlandinu við Gullfoss. Fornleifakönnunin er gerð vegna vinnu við deiliskipulag á friðlandinu við Gullfoss. Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi: Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir: Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvítárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Brattholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Brattholtsgili og þaðan gilið í Hvítá¹.

Gullfoss tilheyrði jörðinni Brattholti en Íslenska ríkið keypti Gullfoss austan Hvítár árið 1945 og árið 1974 hlaut ríkið landið næst Hvítá og Gullfossi að gjöf. Friðlýsta svæðið er 154,9 ha.

Vettvangsvinna var unninn dagana 21. september og 5. október af Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðing sem jafnframt sá um skýrslugerð. Heimildarmenn voru ábúendur í Brattholti, þau Njörður Jónsson og Lára Ágústsdóttir og fá þau bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.



Mynd 1. Afmörkun friðlandsins við Gullfoss.

¹ Lýsing deiliskipulagsgerðar á friðlandi við Gullfoss. 2013:4.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012. segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.)“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskygni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og mældir upp með Trimble pro uppmælingatæki og þeir skráðir ISNET hnitakerfi (íslenskt hnitakerfi). Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (Brattholt 167065-)og hins vegar í Jarðatali Johnsens frá 1847 (Brattholt ÍS-167065- 357). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. Brattholt ÍS-167065- 357-001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali

Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins. Gullfoss var áður í landi Brattholts. Staðsetningar á fornleifum má sjá á korti 1-3.

3. BRATTHOLT

3.1. SAGA BRATTHOLT/GULLFOSS

Yfirleitt er rakin saga þeirrar jarðar sem fornleifar tilheyra í skýrslum sem þessari. Hér verður aðeins brugðið út af vananum og sagt frá hvernig saga íbúa í Brattholti tengist Gullfossi.

Gullfoss var í landi Brattholts um alla tíð þar til ríkið eignast fossinn árið 1945.

Í Jarðabók Árna og Páls segir um jörðina „Jarðardýrleiki er óviss því jörðin tífundast engum. Eigandinn er Skálholtsdómkirkja. Ábúandinn er Halldór Gestson. Landskuld er lxxx álnir og svo frá fornu. Leigukúgildi eru iii, fyrir bóluna voru iiiii. Kvaðir eins og á öðrum stólsjörðum. Kirkjuvegur til Haukadals er hin örðugasti yfir fljótið.²

Árið 1907 birtist grein í Þjóðólfi en þar sagði: „Í sumar falaði Englendingur nokkur í nafni einhvers erlends félags, fegursta foss landsins, Gullfoss í Hvítá, til leigu um langan tíma og helzt til kaups. Þá er það fékkst ekki vildi hann fá keypta jörðina Brattholt (í Biskupstungum) er á land að fossinum að vestanverðu, þar sem að honum verður komizt, og þá jafnframt, að minnsta kosti, hálfan fossinn móts við Hamarsholt í Ytrihrepp, sem nú er í eyði. Bauð Englendingurinn 50,000 kr. í jörðina, og hugði því víst, að landinn mundi falla á kné fyrir svo mörgum krónum. En eigandi og ábúandi jarðarinnar Tómas bóndi Tómasson í Brattholti, er búið hefur þar yfir 40 ár, dugnaðarmaður mikill, þéttur á velli og léttur í lund á forna vísu, vildi ekki láta jörðina og fossinn úr greipar útlendinga og þver neitaði að selja. Var það mikillar þakkar vert fyrir landsins hönd, og Tómasi bónda til mikils sæmdarauka, því að fáir gerast þeir nú á landi voru, er ekki beygja kné fyrir Mammon³“.

Það er því ljóst að snemma hófst mikill ásókn útlendinga að kaupa fossinn og jafnvel jörðina Brattholt þar sem fossinn tilheyrði henni. En árið á eftir 1908 birtist önnur frétt í Þjóðólfi undir fyrirsögninni „Gullfoss leigður“ en þar segir: „Fyrir skömmu er fullgerður samningur um leigu á Gullfoss í Hvítá, milli landstjórnarinnar annarsvegar og eigenda fossins: Tómasar bónda

² Jarðabók Árna og Páls. 1980:279

³ Þjóðólfur 1907:171

Tómassonar í Brattholti og Halldórs bónda Halldórssonar á Vatnsleysu Biskupstungum hinsvegar. Tekur landstjórnin fossinn á leigu um 5 ára tímabil frá 1. september 1907 til 1. sept. 1912, gegn 300 kr. árgjaldi. Eins og áður hefur verið minnst á hér í blaðinu, lögðu útlendir menn allmikið kapp á að fá fossinn leigðan eða keyptan næstl. sumar, og buðu Tómasi bónda jafnvelstórfé fyrir eignar- og ábýlisjörð hans, Brattholt, til þess að geta krækt í fossinn, en hann hafnaði því boði og mæltist það hvar vetna vel fyrir. En hann gaf landstjórninni kost á að leigja fossinn um næstu 5 ár með mjög vægum kjörum, og gekk hún greiðlega að því, eins og sjálfsagt var. Verða nú útlendingar þeir, er ætla sér að nota fossinn, að semja við landstjórnina, og er því betri trygging fengin fyrir því en ella, að fossinn verði ekki leigður til málamynda að eins, heldur til reksturs einhvers nytsemdarfyrirtækis, er landstjórnin getur þá haft eftirlit með, enda er oss kunnugt um, að slíkir samningar við stjórnina munu verða auðsóttir með nægilegum tryggingar skilyrðum frá hálfu leigutaka, og ef hún sannfærast um, að hugur fylgi máli og að eitthvað verði gert, sem verulegt gagn er að fyrir landið eða einstaka landshluta⁴.

Það sem eftir gerðist er of stórt mál til að fjalla um en þó veður hér aðeins stiklað á stóru: „Síðsumars 1907, eftir að Tómas í Brattholti hafði hafnað tilboði Englendingans og áður en Hannes Hafstein lagði fram á Alþingi frumvarpið til fossalaga, stóð Hannes á gljúfurbarminum við Gullfoss með Friðriki Danakonungi og fríðu föruneysi af þjóðum beggja. Kampavín var skenkt á skálar og glösum lyft fossinum til heiðurs sem perlu íslenskrar náttúru, heldur „for Gullfos og for Is'aindustrielle Fremtid⁵“.

Nokkrum árum síðar hófst barátta Sigríðar Tómasdóttur dóttir Tómasar í Brattholti, fyrir afnámi leigusamnings sem þá var kominn í hendur á einkaaðilum. Var þetta löng og erfið barátta hennar fyrir verndun fossins fyrir virkjunarframkvæmdum og yfirráðum útlendinga yfir fossinum sem verður ekki rakin hér enda mikil saga.

Árið 1945 kaupir Íslenska ríkið fossinn að landeigendum báðum megin Hvítár⁶. Saga þeirra Tómasar og Sigríðar í Brattholti og hvernig þau börðust fyrir verndun Gullfoss er aðáunarverð.

⁴ Þjóðólfur 1908:35

⁵ Saga. 2003:166

⁶ Saga. 2003:172

3.2 FORNLEIFAR Í FRIDLANDINU

Gullfoss ÍS- 167065-357-003

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 443638 N 422760

Staðhættir: Rétt austan við girðingu sem skilur að land Brattholts og friðlandsins er garðlag ásamt fleiri minjum sem tilheyra haft bænum í Brattholti.

Minjalýsing: Garðurinn er einföld röð steina sem hverfur í urð aðeins ofar. Hæð er um 30 cm. Lengd garðsins er 26 metrar og liggur garðurinn í austur/vestur.



Mynd 2. Garðlag. Ljós: MHH.

Gullfoss ÍS-167065-357-004

Hlutverk: Stöðull

Tegund: Heimild


Staðsetning: A 443615 N 422770

Staðhættir: Ekki fjarri garðinum rétt við girðinguna var stöðull þar sem kýr voru mjólkaðar. Örnefnið stöðulás er þar ekki fjarri.

Gullfoss ÍS -167065- 357-005**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 443621 N 422715

Staðhættir: Rétt innan við friðlandsgirðinguna, eða 23 metra frá henni þar sem hún aðskilur land Brattholts, er fjárhús. Í heimildarskrá segir: „Stöðull, fjárhús í norðvestur horni túnsins“.

Minjalýsing: Fjárhúsið er eitt hólf og er það opið til austurs í átt að bænum. Rústin er 9 metrar að lengd að utanmáli og 7 metrar á breidd. Að innanmáli er rústin 5x2 metrar. Veggir eru háir eða um 1 ½ metri á hæð. Rústin er gróin en sér í hleðslur inn í rústinni.

**Mynd 3.** Fjárhús og hlaða tekið í N. Ljós: MHH.**Teikning 1.** Teikning af fjárhúsi, hlöðu og garði. Teikn: MHH.**Gullfoss ÍS 167065- 357-006****Hlutverk:** Útihús/hlaða?**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 443627 N 422709

Staðhættir: Einum metra aftan við fjárhúsið [003] er önnur rúst.

Minjalýsing: Rústin er 5x5 metrar að

utanmáli en 2x1 metri að innanmáli. Gafl hússins er hæstur eða 1 ½ metri á hæð. Hleðslur eru grónar en sér í þær inn í rústinni. Líklega er þetta hlaða frá fjárhúsinu.

**Mynd 4.** Líklega hlaða aftan við fjárhúsið. Ljós: MHH.

Gullfoss ÍS 167065- 357-007**Hlutverk:** Garður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 443617 N 422725

Staðhættir: Við fjárhúsið [003] er garðlag sem liggir frá húsinu til norðurs og beygir svo til austurs. Líklega er um að ræða leifar af rétt sem hefur verið við fjárhúsið.

Minjalýsing: Garðlagið er alls 23 metrar að lengd. Gert út stóru grjóti sem sér enn í og er orðið mjög mosavaxið.



Mynd 5. Garðlag við fjárhúsið. Ljós: MHH.

Gullfoss ÍS-167065-357-008**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garður**Staðsetning:** A 443612 N 422672

Staðhættir: Um 72 metra suður af fjárhúsi [003] er garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn er gerður úr stóru grjóti og liggur SV/NA. Garðurinn er 33 metrar á lengd og hæð steinanna er um 30 cm.



Mynd 6. Mælingamaður við enda garðsins. Tekið í SV. Ljós: MHH.

Gullfoss ÍS - 167065-357-009**Hlutverk:** Varnargarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 443680 N 422665

Staðhættir: Upp á háum klettum ofan við bæinn Brattholt, sem ber nafnið Bæjarás er garðlag. Garðlagið hefur líklega verið til að forða fé frá brattri brún.

Minjalýsing: Garðurinn er í allt 136 metrar á lengd og fylgir brún bæjarássins. Hann er hlaðinn út stórgrýti og er hæstur um metri á hæð.




Mynd 7. Garðlag ofan á Bæjarás. Ljós: MHH.

Gullfoss ÍS -167065- 357-010**Hlutverk:** Heygarður**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 443669 N 422626

Staðhættir: Beint aftan við gamla íbúðarhúsið í Brattholti og innan friðlandsgirðingar er garðlag. Í örnefnaskrá Brattholts segir: „Heygarðshóll er austan við bæinn í túninu. Þar var heygarður og fjós“.⁷

Minjalýsing: Greinilega sér í hleðslur þó að þær séu að stórum hluta undir trjám. Svæðið er slétt og líklegt að þarna sé um að ræða leifar að Heygarði. Greinlegar tvær hliðar eru eftir. Hæð hleðslanna er um 50 cm og stærð 7x6 metrar. Á þessu svæði er merki þess að frekari minjar séu



Teikning 2. Teikning af minjum nærri Brattholti. Teikn: MHH.



Mynd 8. Líklegur heygarður undir trjánnum. Tekið í A. Ljós: MHH.

⁷ Örnefnaskrá Brattholt

undir sverði.

Gullfoss ÍS-167065-357-011

Hlutverk: útihús/fjós?

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 443641 N 422600

Staðhættir: Um 70 metra aftan við Brattholtsbæinn er rúst.

Minjalýsing: Rústin er 10 metrar að lengd og tveir metrar að breidd að innan máli.

Veggir eru um tveir metrar á breidd. Hugsanlegt er þetta fjósið sem lýst er í Örnefnaskrá eða eitthvað annað útihús.

Gullfoss ÍS-167065- 357-012

Hlutverk: Álagablettur/Greftrunarstaður?

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 443686 N 422602

Staðhættir: Um 80 metra aftan við Brattholtsbæinn er grasivaxin hól. Í

Örnefnaskrá Brattholts segir: „Karlshóll er neðst á Heygarðsflöt. Álagablettur í hólnum

á að vera leiði og má ekki slá hann. Sé brugðið út af því verður þess hefnt með einhverju óhappi“.

Minjalýsing: Hóllinn er stór og grasivaxinn og skógur mun fljótlega fara yfir hólinn. Þar sem heimildir eru til um bænhus í Brattholti, sem ekki er vitað hvar var, er mikilvægt að hafa þetta svæði í huga. Oft hafa fundist kirkjugarðar þar sem álagablettir og munnmæli um greftranir eru. Svæðið er jafnframt nærri bæjarhól og kirkjur og bænhus voru aldrei fjarri bæjum.



Mynd 9. Karlshóll er nokkuð hár og stór grasivaxinn Hóll. Tekið í N. Ljósm: MHH.

Gullfoss ÍS-167065- 357-013**Hlutverk:** Garður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 443700 N 422543**Staðhættir:** Rétt við friðlands girðinguna er garðlag sem gengur inn í friðlandið frá túninu í Brattholti.**Minjalýsing:** Garðurinn er sjáanlegur á 20 metra kafla innan friðlandsins og hverfur þá en hann er sjáanlegur á yfir 200 metra kafla í landi Brattholts.

Garðurinn er mjög sokkinn og alveg yfirgróinn innan friðlandsins en sér í grjót Brattholts megin. Garðurinn er um 1 metri á breidd og um 20 cm hár.



Mynd 10. Garðlag sem liggur í vestur út úr friðlandinu og inn á land Brattholts. Tekið í vestur. Ljós: MHH.

Gullfoss ÍS-167065- 357-014**Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A 443752 N 422756**Staðhættir:** Upp á bæjarásnum er varða. Varðan er nærri garði [011].**Minjalýsing:** Varðan er um 50 cm á hæð.**Gullfoss ÍS-167065-357-015****Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A 443849 N 423211**Staðhættir:** Upp á Bæjarásnum er varða.

Varðan er mjög sýnileg úr öllum áttum.



Mynd 11. Varða upp á Bæjarási. Tekið í V. Ljós: MHH.

Minjalýsing: Varðan er um 130 cm á hæð hlaðinn úr flötu grjóti.

Gullfoss ÍS-167065-357-016

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Rúst


Staðsetning: A 444019 N 423298

Staðhættir: Um 800 metra norðaustur af Brattholti og 270 metra í suðaustur frá gatnamótum Biskupstungnabrautar og aðkeyrslu að Brattholti er tún og á því er fjánhús sem kallast Gljúfurhús og voru notuð fram til 1950. Í örnefnaskrá segir: „Gljúfurás er á barmi Borgargljúfurs. Gömul fjárborg var sunnan í ásnum þar eru nú fjárhús⁸“.

Minjalýsing: Fjánhúsið stendur á miðjum túnbletti um 80 metra frá Hvítá og ofan við túnið eru klettur. Í kring um túnið er hlaðinn garður. Fjánhúsið er 18 metrar að lengd að innanmáli og þrjú metrar á breidd. Veggir eru um 2 metrar á þykkt. Húsið er mjög heillegt að stærstum hluta. Rústin er tvö hólf og er hlaða aftan við sem og hefur verið innangengt úr fjárhúsi inn í hlöðuna. Hæð veggja í hlöðunni eru 3 metrar þar sem hún er heillegust. Hleðslur halda sér í gaffli



Mynd 12. Fjánhús sem kallast Gljúfurhús tekið í S. Ljósni: MHH.



Teikning 3. Fjánhúsið og garður umhverfis. Teikn: MHH.

⁸ Örnefnaskrá Brattholt

og í millivegg milli hlöðu og fjárhús. Húsið hefur verið stórt og fallega hlaðið.

Gullfoss ÍS-167065- 357-017

Hlutverk: Garðlag/túngarður

Tegund: Garður

Staðsetning: A 443999 N 423253

Staðhættir: Allt í kring um fjárhúsin sem kallast Gljúfurhús er hlaðinn garður. Garðurinn er horfin á smá hluta en liggur að mestu kring um túnið og upp á ásnum fyrir ofan.

Minjalýsing: Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er hæstur um 50 cm og hann er alls 181 metrar á lengd en hefur á sínum tíma verið um 400 metrar. Gróður er mjög ólíkur innan og utan garðs.



Mynd 13. Garðlag umhverfis fjárhúsið tekið í N. Ljós:MHH.

Gullfoss ÍS-167065-357-018

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Gljúfurás er á barmi Borgargljúfurs. Gömul fjárborg var sunnan í ásnum þar eru nú fjárhús⁹.“

Minjalýsing: Enginn merki sáust um fjárborg enda er henni lýst á sama stað og fjárhúsin eru. Fjárhúsið er grafið inn í hól svo hugsanlegt er að fjárborgin hafi staðið á sama stað og fjárhúsin og hafi horfið þegar fjárhúsið var byggt.

⁹ Örnefnaskrá Brattholts

Gullfoss ÍS-167065- 357-019**Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** A 445159 N 4425023

Staðhættir: Árið 1907 kom Danakonungur í sínu fyrstu opinberu heimsókn til landsins. Byrjað var á vegarlagningu árið 1906 og því lokið árið 1907. Veglagning þessi var afar kostnaðarsöm en vegurinn var lagður til þess að konungur kæmist á vagni þessa leið. Þessi vegur er kallaður konungsvegur. Konungur kaus hinsvegar að ferðast á hestbaki. Vagninn var hinsvegar notaður undir vistir fyrir konung og 200 meðreiðarmenn hans í þessu ferðalagi. Vegurinn lá til Gullfoss en ekki er vitað nákvæmlega hvar vegurinn var. Gamli Kjalvegur liggur um friðlandið auk þess sem greinilegar reiðgötur eru í friðlandinu og gamlar leiðir. Ein leið er þó sýnu skýrust og er ekki gamli Kjalvegur. Sú leið er skráð hér og er örugglega gömul leið og hugsanlega hluti konungsvegar. Vegurinn er um metri á breidd og mjög greinilegur á loftmyndum. Hann kemur úr vestri inn í friðlandið og sameinast gamla veginum sem er líklega gamli Kjalvegur. Í Morgunblaðinu þann 4. Ágúst 2007 birtist grein sem ber heitið „Íslandsheimsókn Friðriks VIII Danakonungs árið 1907“. Þar segir: „Klukkan eitt þennan sama dag var blásið til brottferðar að Gullfossi og haldið af stað á góðum spretti. Eftir rúma klukkustundarferð kom konungsfylgdin að fossinum enda stutt leið frá Geysi að Gullfossi. Vegurinn að fossinum var aðeins mjóir troðningar eftir hesta og farið var yfir Tungufljót á bráðabirgðabru¹⁰“.

Minjalýsing: Ekki er hægt að vera viss um að vegur sá sem sést á loftmynd og er skráður hér, sé umræddur konungsvegur en samkvæmt heimildinni hér að ofan var aðeins um troðninga að ræða á leið konungs til Gullfoss frá Geysi. Vegurinn kemur inn í friðlandið úr vestri og hverfur inn í gamla Kjalveg. Meðfram honum eru hestatöðningar svo þetta er greinilega gömul leið. Ekki verður fullyrt hvort um Konungsveg sé að ræða. Líklegt er samt að konungur hafi farið hina gömlu leið að Gullfossi eins og segir í lýsingum af ferð konungs. Ekki verður með fullvissu vitað hvar áður nefndu Konungsvegur var.

¹⁰ Morgunblaðið 4.ágúst 2007.

Gullfoss ÍS-167065-357-020**Hlutverk:** Varða**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 443747 N 423695

Staðhættir: Í lýsingu á landamerkjum friðlandsins er sagt: „Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvítárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Brattholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Brattholtsgili og þaðan gilið í Hvítá“.

Minjalýsing: Þar sem friðlandsgirðingin er við Selvörðu er ekkert eftir að umræddri vörðu.

Gullfoss ÍS-167065-357-021**Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** A 445361 N 425105

Staðhættir: Milli Hvítár og núverandi þjóðvegur er gamall vegur. Þetta er líklega gamla leiðin sem kölluð er gamli Kjalvegur. Líklegt er að þarna hafi fornar leiðir legið áður enda má sjá grónar hestagötur í kring.



Mynd 14. Vegur sem liggur milli Hvítár og Þjóðvegs. Gamli Kjalvegur. Ljós: MHH.

4. SAMANTEKT

Innan friðlandsins voru skráðar 21 minjanúmer og þar af voru 2 númer heimild um minjar. Friðlandið byrjar rétt aftan við Brattholtsbæinn en áður tilheyrði núverandi friðland þeirri jörð. Flestar minjarnar sem skráðar voru eru því við vestur mörk friðlandsins rétt aftan við Brattholt. Einnig voru skráð fjárhús frá Brattholti nokkuð austar eða svokölluð Gljúfurhús sem voru í notkun fram á sjötta áratug síðustu aldar. Rætt var við ábúendur í Brattholti auk þess sem gengið var um allt friðlandið. Ekki fundust neinar minjar nærri Gullfossi þar sem mest álag er af völdum ferðamanna.

5. HEIMILDARSKRÁ

Árni Magnússon: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1. bindi, Árnessýsla).

Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn. Endurútgefið 1980. Sögufélagið. Reykjavík.

Ísland fyrir Íslendinga. *Þjóðólfur* (59. árg. 46 tbl. 18.10.1907).

Gullfoss leigður. *Þjóðólfur*. (60. árg. 9 tbl. 28.02.1908).

Helgi Skúli Kjartansson. 2003. Saga.41. árg.2. tbl. 01.01.2003. *Að bjarga Gullfossi*.

Jökull Sævarsson. 2007. (Morgunblaðið 4. Ágúst 2007) *Íslandsheimsókn Friðriks VIII*

Danakonungs árið 1907.

MAREY arkitektar. Umhverfisstofnun. *Lýsing deiliskipulagsgerðar á friðlandi við Gullfoss og Matslýsing áætlana*. 23. Apríl 2013.

Óprentaðar heimildir. Örnefnaskrá Brattholts

